



391. fundur Þingvallanefndar

Fundur haldinn í færeyska herberginu á nefndasviði Alþingis þann 15. júní kl. 12.30. Mættir voru: Álfheiður Ingadóttir, Sigurður I. Jóhannsson, Róbert Marshall, Valgerður Bjarnadóttir, Ólafur Örn Haraldsson og Hrefna V. Jónsdóttir sem ritaði fundargerð. Lilja Jónasdóttir lögmaður sat fundinn. Þuríður Backman, Ragnheiður Elín Árnadóttir og Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir boðuðu forföll vegna þingstarfa.

Þetta gerðist:

1. **Takmörkun á fjölda kafara/yfirborðskafara í Silfru og reglur um gestagjöld vegna köfunar/yfirborðsköfunar í Silfru.**

Hinn 12. desember s.l. samþykkti Þingvallanefnd að bjóða út sérleyfi til köfunar í Silfru á yfirstandandi ári. Hefur málið verið til ítarlegrar skoðunar hjá lögmönnum og Ríkiskaupum og er niðurstaðan sú að í lögum um þjóðgarðinn sé ekki að finna heimild til sölu sérleyfa, en til að ná yfirlýstum tilgangi sem er takmörkun á umferð í og við Silfru og góður aðbúnaður fyrir kafara við gjána, skuli innheimta svokölluð gestagjöld vegna hverrar köfunar. Þá er niðurstaða fagmanna sú að auk leiðsögumans megi ekki vera fleiri en 10 manns í senn í gjánni vegna öryggis kafara. Gjaldið skal standa undir kostnaði við veitta þjónustu og aðstöðu sem komið er upp til að veita hana, sbr. reglug. nr. 848/2008. Markmiðið er sem fyrr að draga úr ásókn í Silfru til að tryggja öryggi, minnka átroðning og umhverfisspjöll og bæta upplifun og þjónustu við þá sem stunda köfun í gjánni. Aðstaða við Silfru hefur þegar verið bætt nokkuð og nema útgjöld vegna þess nú tæplega einni milljón krónum skv. framlögðu yfirliti.

Eftirfarandi tillaga var samþykkt samhljóða:

Þingvallanefnd samþykkir að takmarka fjölda kafara/yfirborðskafara í Silfru á hverjum tíma. Er þessi ákvörðun tekin í samræmi við fyriræmi fagaðila í þeim tilgangi að auka öryggi kafara og minnka álag á gróður og umhverfi Silfru. Skulu kafarar fylgja fyriræmi þjóðgarðsvarðar, þar að lútandi. Vísast til 2. mgr. 7. gr. laga um þjóðgarðinn á Þingvöllum nr. 47/2004.

Þá samþykkir Þingvallanefnd að tekin verði gestagjöld kr. 750 fyrir hverja köfun/yfirborðsköfun í Silfru á Þingvöllum. Þingvallanefnd samþykkir framlagðar reglur um gestagjöld í samræmi við 1. mgr. 7. gr. laga nr. 47/2004 um þjóðgarðinn á Þingvöllum, sbr. e. lið 6. gr. reglugerðar nr. 848/2005 um þjóðgarðinn á Þingvöllum, verndun hans og meðferð. Samþykkt er að gjaldtaka hefjist 1. júlí 2012. Verða reglurnar ásamt greinargerð sendar forsætisráðuneytinu til skoðunar og staðfestingar í samræmi við lið 6. gr. reglugerðar nr. 848/2008 og 7. gr. laga nr. 47/2004. Fjárhæð gjaldsins verður endurskoðuð næsta haust.

Þjóðgarðsverði er falið að útfæra takmarkanir á fjölda kafara í Silfru, undirbúa gjaldtöku og kynna hvort tveggja fyrir ferðapjónustu og hagsmunaaðilum.

Ákveðið að kynna samþykktina fyrir nefndarmönnum til að gefa öllum kost á að tjá sig um málið.

2. Önnur mál.

Þjóðgarðsvörður sagði frá því að Hrefna V. Jónsdóttir sem starfað hefur fyrir Þingvallanefnd og þjóðgarðinn á Þingvöllum frá árinu 2006 hyggst fara í nám í haust og hefur sagt starfi sínu lausu frá og með 15. ágúst þess vegna.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 13.20